

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Keflavíkurflugvallar 2005-2025, breytt stjórnáslumörk og niðurfelling hljóðlínu o.fl. Reykjanesbær.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og 8. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um rekstur Keflavíkurflugvallar o.fl. nr. 76/2008, sbr. 3. gr. laga um ráðstafanir í kjölfar samnings við Bandaríkin um skil á varnarsvæðinu á Keflavíkurflugvelli, hafa umhverfisráðherra og utanríkisráðherra staðfest breytingu á aðalskipulagi Keflavíkurflugvallar 2005-2025 frá 24. febrúar 2006.

Breytingin felst í eftirfarandi:

1. Austurhluti skipulagssvæðisins er tekinn í borgaraleg not og skipulag svæðisins færast til Reykjanesbæjar sbr. auglýsingu forsætisráðuneytisins nr. 38/2007 um að hluti varnarsvæðis Keflavíkurflugvallar skuli tekin í borgaraleg not. Skipulagssvæði Keflavíkurflugvallar minnkar sem því nemur.
2. Gert er ráð fyrir háspennustrengjum (245 kV) meðfram Reykjanesbraut.
3. Gert er ráð fyrir sporbraut meðfram helgunarsvæði Reykjanesbrautar.
4. Hljóðlína fellur brott en í staðinn eru á uppdrætti sýndar nýjar línur sem sýna hljóðstig vegna áætlaðrar flugumferðar um Keflavíkurflugvöll.
5. Gert er ráð fyrir tengibraut og undirgöngum á Efra-Nikkelsvæði.

Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og Skipulagsstofnun gert tillögu til ráðherra um staðfestingu.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 23. nóvember 2010.

Svandís Svavarsdóttir.

Íris Bjargmundsdóttir.

Utanríkisráðuneytinu, 20. september 2010.

Össur Skarphéðinsson.